

SAMÞYKKT um kattahald á Akranesi.

1. gr.

Kattahald á Akranesi sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa á Akranesi leyfi til kattahalds með neðangreindum skilyrðum. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang viðkomandi og er ekki framseljanlegt. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem það er gefið út fyrir.

Eftirfarandi skilyrði gilda:

- a. Um kattahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Ef sótt er um leyfi til að halda kött í fjöleignarhúsi, skal fylgja umsókninni skriflegt samþykki allra eigenda íbúða sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými, svo og leigutaka ef um leiguíbúðir er að ræða. Leigjandi þarf jafnan að framvísa samþykki leigusala síns.
- b. Leyfisgjald skal greiða árlega til bæjarsjóðs, eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn setur, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu kattarins, og síðan árlega fyrirfram með gjalddaga 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- c. Árlega ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið ormahreinsaður. Akraneskaupstaður ábyrgðartryggir alla skráða ketti, sem greitt er leyfisgjald af hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Vátrygging skal ná til alls þess tjóns sem kötturinn kann að valda á mönnum og munum. Lágmarks tryggingarupphæð er kr. 10.000.000 (tíu milljónir).
- d. Skylt er eiganda að láta köttinn ávallt bera hálsól. Á ólinni skal vera bjalla, auk plötu sem skráningarnúmer og símanúmer eiganda er letrað á. Að öðru leyti skal kötturinn merktur í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gældýra og dýrahald í atvinnuskyni. Við skráningu skal eigandi eða umráðamaður framvísa vottorði frá dýralækni um örmerkingu eða húðflúrmerkingu kattarins, sbr. ákvæði framangreindrar reglugerðar nr. 1077/2004.
- e. Leyfishafa ber að sjá svo um að köttur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna.
- f. Óheimilt er að halda kött lengur en þrjá mánuði á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
- g. Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimili.
- h. Leyfishafa ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma.
- i. Köttum má ekki hleypa inn í matvælafyrirtæki eða fyrirtæki og stofnanir skv. fylgiskjali 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.
- j. Leyfishafa ber að hafa sandkassa fyrir köttinn á sinni lóð og skal sandkassinn eingöngu ætlaður fyrir ketti.

3. gr.

Umsóknum um leyfi til kattahalds skal skila á skrifstofu Akraneskaupstaðar á þar til gerðum eyðublöðum. Leyfishafinn fær síðar afhenta merkiplötu, sbr. ákvæði d. liðar 2. mgr. 2. gr.

Tilkynna skal til skrifstofu Akraneskaupstaðar um brottflutning eða dauða kattar sem leyfi hefur verið veitt fyrir.

4. gr.

Akraneskaupstaður fer með umsýslu vegna samþykktar þessarar og getur ráðið sérstakan dýraeftirlitsmann eða falið starfsmönnum sveitarfélagsins hlutverk dýraeftirlitsmanns. Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar. Hann tekur óskilaketti og flækingsketti í vörslu. Halda skal skrá yfir ketti sem veitt er leyfi fyrir, þar sem fram koma upplýsingar um köttinn ásamt nafni, kennitölu og heimilisfangi eiganda hans. Skráin skal vera aðgengileg heilbrigðiseftirliti og dýraeftirlitsmanni.

5. gr.

Sé kvartað undan ágangi katta í íbúðarhverfum er heimilt að láta veiða þá í búr og fanga. Slíkar aðgerðir skal auglýsa með áberandi hætti með a.m.k. einnar viku fyrirvara. Sé fangaðra katta ekki vitjað innan sjö daga er heimilt að láta aflífa þá.

6. gr.

Heimilt er, innan sjö daga, að afhenda leyfishafa kött sem tekinn hefur verið í vörslu, gegn yfirlýsingu um að viðkomandi skuldi áfallinn kostnað sem af vörslunni hefur hlotist.

Sé ómerktur og leyfislaus köttur tekinn í vörslu skal auglýsa eftir eigandanum með áberandi hætti. Gefi sig enginn umráðamaður eða eigandi fram innan sjö daga, er heimilt að færa köttinn til aflifunar. Bæjarsjóður ber kostnað af vörslu og aflifun katta, en á endurkröfu á eigendur þeirra.

7. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Við minniháttar brot skal eigandi sæta skriflegri áminningu. Ítrekuð eða alvarleg brot geta leitt til leyfissviptingar. Leyfishafa er skylt að greiða allan þann kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

8. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu. Um leið fellur úr gildi samþykkt nr. 303/2000 um kattahald á Akranesi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem halda ketti við gildistöku samþykktarinnar, en hafa ekki leyfi fyrir þeim, skulu sækja um leyfi samkvæmt samþykkt þessari fyrir 1. febrúar 2007.

Umhverfissráðuneytinu, 4. janúar 2007.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.